

Nefndasvið Alþingis  
umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun  
Ab. KG

06 DES. 2004  
50

Tilv. UST20041100101

UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun er umhverfisnefndin umhverfisins í Alþingi.

Umhverfisstofnun er óskarinn til að fá ófyrirvara um ófyrirvara umhverfisins.

Umhverfisstofnun er óskarinn til að fá ófyrirvara um ófyrirvara umhverfisins.

Umhverfisstofnun er óskarinn til að fá ófyrirvara um ófyrirvara umhverfisins.

Umhverfisstofnun er óskarinn til að fá ófyrirvara um ófyrirvara umhverfisins.

Umhverfisstofnun er óskarinn til að fá ófyrirvara um ófyrirvara umhverfisins.

2. desember 2004

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20041100101/BS

### Frumvarp til laga um náttúruvernd, eldri námur, 184. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, eldri námur, 184. mál.

Umhverfisstofnun gerir athugasemd við 1. grein frumvarpsins þar sem stofnunin telur að fella eigi burt orðin „á sama svæði“ úr c-lið og færir fyrir því eftirfarandi rök:

Hugtakið „sama svæði“ hefur ekki verið skilgreint á fullnægjandi hátt hvorki í lögum, né í úrskurðum eða í leiðbeiningarritum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Óbreyttur mun c-liður frumvarpsins bjóða uppá möguleika til margskonar túlkunar á um hvað teljist vera „á sama svæði“.

Til að skýra vandamálið má gefa eftirfarandi dæmi. Er um að ræða eitt eða tvö námusvæði ef unnið er efni:

- sitt hvoru megin við ein vatnaskil,
- á sínum hvorum bakka sömu ár,
- ofan eða neðan við sömu flúðir,
- í sitt hvorri skriðukeilu í Esjunni?

Umhverfisstofnun telur að c-liður í þeirri mynd sem hann er nú í frumvarpinu skorti nauðsynlegt gegnsæi og bjóði heim hættu á því að aðstæður hverju sinni ráði hvað teljist á sama svæði. Stofnunin leggur því til að c-lið 1. gr. verði breytt á þann hátt að „og á sama svæði“ verði fellt burt og c-liður verði eftirfarandi:


„c. áætluð er samanlögð staekkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmda um  $25.000 m^3$  eða meira“.

Virðingarfyllst,

  
Árni Bragason

staðgengill forstjóra

Afrit: Umhverfisráðuneytið

  
Helgi Jónasson  
forstöðumaður